

**1284. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 13.
maí 2024 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Gylfi Ólafsson formaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður og Jóhann Birkir Helgason áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri.

Dagskrá:

1. Eyrarskjól - Hjallastefnan, rekstur leikskóla - 2013120025

Lagt fram minnisblað Ölmú Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar ehf. dags. 16. mars 2024 varðandi leiðréttingu á einingarverði Hjallastefnunnar. Jafnframt er lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 9. maí 2024 um endurskoðun einingarverðs Eyrarskjóls.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að halda áfram viðræðum við Hjallastefnuna um endurnýjun samnings.

Gestir

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs - 08:13

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:13

Hafdís Gunnarsdóttir yfirgefur fund kl 8:36.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2024 - 2024040018

Lagður fram til samþykktar viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2024 vegna breytinga á framkvæmdáætlun eignasjóðs. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2024 verði samþykktur.

Edda María Hagalín yfirgefur fund kl 8:44

3. Sláttur opinna svæða 2024 - útboð - 2023110022

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, verkefnastjóra á umhverfis- og eignasviði, dags. 10. maí 2024, um niðurstöðu útboðs á slætti opinna svæða.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að taka tilboði Kjarnasögunar í slátt opinna svæða 2024.

Gestir

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:47

4. Kríutangi og bílastæði á Suðurtanga - 2024040049

Lagt fram minnisblað Eyþórs Guðmundssonar, innkaupa- og tæknistjóra, dagsett 10. maí 2024 vegna niðurstöðu útboðs vegna gatnagerðar á Kríutanga og um gerð bílastæða á Suðurtanga.

Bæjarráð samþykkir tilboð Verkhafts ehf. með fyrirvara um að fyrirtækið uppfylli hæfi.

5. Tjaldsvæði í Tungudal - útboð 2024 - 2024010013

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, verkefnastjóra á umhverfis- og eignasviði, dags. 10. maí 2024, um niðurstöðu rekstrarútboðs tjaldsvæðisins í Tungudal.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að taka tilboði Tjalds ehf. í rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal.

Axel yfirgefur fund kl 8:56.

6. Rekstrarleyfi og aðrar leyfisveitingar 2024 - 2024010198

Lagt fram bréf Guðrúnar Elínborgar Þorvaldsdóttur f.h. Sýslumannsins á Vestfjörðum, dagsett 29. apríl 2024, þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar er óskað vegna umsóknar Halldórs Karls Valssonar f.h. Menntaskólans á Ísafirði, um tækifærisleyfi vegna útskriftarfögnuðar skólans þann 25. maí nk. Jafnframt lögð fram jákvæð umsögn eldvarnareftirlits, dagsett 30. apríl 2024.

Bæjarráð gerir engar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis vegna útskriftarfögnuðar Menntaskólans á Ísafirði.

7. Mánaðaryfirlit launakostnaðar 2024 - 2024030070

Lagt fram til kynningar minnisblað Ásgerðar Þorleifsdóttur, deildarstjóra launadeildar, dagsett 7. maí 2024, vegna launakostnaðar fyrir janúar til apríl 2024.

Lagt fram til kynningar.

8. Fiskeldissjóður - umsóknir 2024 - 2024020013

Lagt fram til kynningar svarbréf Matvælaráðuneytisins, dags. 23. apríl 2024, vegna umsókna Ísafjarðarbæjar í Fiskeldissjóð 2024, en Ísafjarðarbær fékk úthlutað vegna fráveitu á Þingeyri - hreinsivirki, og verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði.

Lagt fram til kynningar.

9. Hverfisráð - fundargerðir 2024 - 2024010183

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir hverfisráðsins á Suðureyri, frá fundum sem haldnir voru 9. janúar og 5. febrúar 2024.

Lagt fram til kynningar.

10. Vestfjarðastofa - fundargerðir 2024 - 2024020096

Lögð fram til kynningar fundargerð 60. fundar stjórnar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, en fundur var haldinn 30. apríl 2024.

Lagt fram til kynningar.

11. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 147 - 2405002F

Lögð fram til kynningar fundargerð 147. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, en fundur var haldinn 7. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:10

Gylfi Ólafsson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jóhann Birkir Helgason

Hjördís Þráinsdóttir

Arna Lára Jónsdóttir